



Lúxemborg, 10. maí 2016

## FRÉTTATILKYNNING 05/2016

### Dómur í máli E-19/15 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Liechtenstein*

#### **LEYFISVEITINGAKERFI VEGNA ÞJÓNUSTU Í LIECHTENSTEIN SAMRÆMIST EKKI EES-RÉTTI**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að niðurstöðu í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Liechtenstein varðandi það hvort ákvæði laga um verslun og viðskipti í Liechtenstein, sem gerðu ráð fyrir leyfisveitingakerfi vegna stofnsetningar og þjónustu yfir landamæri, samræmdust EES-rétti.

Í fyrsta lagi hélt ESA því fram að Liechtenstein hefði brotið gegn 9. gr. tilskipunar 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðinum (tilskipunin) með því að hafa í gildi leyfisveitingakerfi vegna stofnsetningar í Liechtenstein. Í öðru lagi, brytu nokkur skilyrða og reglna sem vörðuðu kerfið gegn 10. og 13. gr. tilskipunarinnar. Í þriðja lagi hefði Liechtenstein brotið gegn 16. gr. tilskipunarinnar með því að áskilja öflun leyfis fyrir fram vegna veitingar þjónustu yfir landamæri. Í fjórða lagi fæli leyfisveitingakerfi vegna stofnsetningar og þjónustu yfir landamæri í sér brot á 31. gr. og 36. gr. EES-samningsins að því marki sem það ætti við um þjónustu sem tilskipunin næði ekki til.

Óumdeilt var að í Liechtenstein væri í gildi leyfisveitingakerfi vegna stofnsetningar þar í landi. Samkvæmt 9. gr. tilskipunarinnar var slíkt fyrirkomulag háð því að það fæli ekki í sér mismunun, væri réttlættanlegt með vísan til almannahagsmuna og loks að meðalhófsreglan væri virt. Dómstóllinn tók fram að vernd viðtakenda þjónustu og barátta gegn svikum og skattasniðgöngu gætu réttlætt leyfisveitingakerfi. Hins vegar væri meðalhófs ekki gætt með fyrirkomulaginu, þar sem svo virtist sem eftirfarandi kannanir gætu reynst eins árangursríkar. Hið umdeilda fyrirkomulag leyfisveitinga bryti því gegn 9. gr. tilskipunarinnar.

Annarri staðhæfingu ESA í málinu var ekki mótmælt af hálfu Liechtenstein. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að áskilnaður um „nauðsynlegan starfsmannafjölda“ og „fullnægjandi tök“ á þýsku sem skilyrði stofnsetningar, væri ekki skýr og ótvíræður, eins og áskilið væri í d-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Þá skorti á að í lögunum væri tryggt að ekki yrði um að ræða endurtekningu á kröfum og eftirliti sem þjónustuveitandi hefði þegar uppfyllt í öðru EES-ríki, en slíkt bryti gegn 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Með áþekkum hætti teldist skortur á skýrleika um málsmeðferð vegna leyfisveitinga í hinni umdeildu löggjöf vera brot gegn 13. gr. tilskipunarinnar.

Hvað varðaði þriðju staðhæfingu ESA tók dómstóllinn fram að leyfisveitingakerfi vegna þjónustu yfir landamæri jafngilti skilyrði sem samkvæmt 16. gr. tilskipunarinnar væri ekki heimilt að setja nema að það fæli ekki í sér mismunun, væri réttlættanlegt með vísan til allsherjarreglu, almannaoýggis, lýðheilsu eða verndar umhverfisins, og að meðalhófs væri gætt. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að skilyrðið samræmdist ekki meðalhófsreglunni óháð því hvort vernd viðtakenda þjónustu eða það markmið að koma í veg fyrir félagsleg undirboð gætu talist lögmæt réttlætungarsjónarmið eins og haldið væri fram af hálfu

Liechtenstein. Svo virtist sem grípa hefði mátt til hóflegri ráðstafana til þess að ná því markmiði sem að var stefnt. Með skilyrðinu var því brotið gegn 16. gr.

Hvað varðaði síðustu staðhæfingu ESA þá var óumdeilt að hið umdeilda leyfisveitingakerfi teldist takmörkun á stofnsetningarréttinum og þjónustufrelsinu. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, með vísan til fyrri röksemda sinna, að takmörkunin samræmdist ekki meðalhófsreglu eins og áskilið væri 33. gr. EES-samningsins. Leyfisveitingakerfið bryti því gegn 31. og 36. gr. EES-samningsins að því marki sem það ætti við um þjónustu sem tilskipunin tæki ekki til.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.